
FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI ÁSGARÐS, GRÍMSNESI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1046-25171



*Á forsíðumynd er bæjarhóll ÁR-433:001_01 og á honum kálgarður ÁR-433:043, horft er til NNA.
Myndina tók Brynja Árnadóttir.*

Verkefnanúmer MÍ: 3452

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 3,5 ha deiliskipulagsreits í landi Ásgarðs í Grímsnesi. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi innan lóðar sem kölluð er Ásgarður 2. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Grímsneshreppi og voru tvær fornleifar þá skráðar innan svæðisins. Við skráninguna 2025 var fjórum fornleifum bætt við. Minjarnar voru allar skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Ásgarður, Grímsnes.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 3,5-hectare assessment area at Ásgarður in Grímsnes. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowners as part of the planning process for proposed developments on the property Ásgarður 2. A prior general survey of archaeological sites in Grímsneshreppur, carried out by the Institute, had identified two sites within the area. The 2025 survey recorded four additional archaeological sites. All sites are considered to be at high risk due to the proposed construction activities.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Ásgarður, Grímsnes.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	17
6. Heimildir	19
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	20
Viðauki II: Minjakort.....	21




Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ

1. Inngangur

Í júní 2025 var unnin fornleifaskráning innan um 3,5 ha deiliskipulagsreits, Ásgarðs 2, sem byggður var úr landi Ásgarðs í Grímsneshreppi. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi innan jarðarinnar.

Skráningarsvæðið er innan gamla heimatúns Ásgarðs og stóð Vesturbærinn á sama stað og núverandi íbúðarhús. Töluvert rask hefur orðið innan úttekta-svæðisins



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 3,5 ha og afmarkast af blárri línu á myndinni. Innan þess eru sex fornleifar. Skýringarnar eiga við allar myndir sem birtast í skýrslunni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

vegna ýmiskonar framkvæmda í gegnum tíðina. Á gömlum loftmyndum frá Loftmyndum ehf. má sjá að stór hluti svæðisins voru áður sléttuð tún. Í dag eru fyrrum tún að mestu komin í órækt en svæðið umhverfis íbúðarhúsið er enn slétt og hefur trjám

og ýmsum gróðri verið plantað næst húsinu. Syðst á úttektasvæðinu hefur verið grafinn skurður til að ræsa fram votlendi með tilheyrandi raski (sjá mynd 2).

Fornleifastofnun Íslands vann aðalskráningu fornleifa í Grímsneshreppi í þremur áföngum árin 1999-2001. Ásgarður var ein þeirra fimm jarða sem skráðar voru árið 1999¹ og byggir skráningin 2025 á grunni hennar. Aðeins voru tvær fornleifar, bæjarhóllinn ÁR-433:001_01 og brunnur ÁR-433:031, þekktar innan deiliskipulagssvæðisins áður en vettvangsvinnan fór fram.

Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi. Farið var á vettvang hlýjan og bjartan dag í júní og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Samanlagt voru sex fornleifar skráðar innan marka úttektarsvæðisins og bættust því fjórar við fyrri skráningu. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með hnitaskrá og minjakorti.

¹ Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir, 1999.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175-009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúngueg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektaarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan

framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-433 Ásgarður

Sögulegar heimildir

Fyrst getið í máldaga Búrfellskirkju frá [1269]: „J asgard xij messur log helga daga oc en xij Bunhus dagar oc caupa vj aurum. ... [til Búrfellskirkju] liggia tijundir heima mana or caldaraufda oc as gardi.“ DI II, 63.

24.10.1515: Ástríður Össurardóttir sem uppalin var í Miðengi lýsti, áttæð að aldri, landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: „... En fyrir ofan til moz vid asgard. skyllði mideingi eiga sionhending vr fuglsþufuhol firir nedan þreijngl [þreyngls annað hdr]. ok ofan j mosvallarbrvn sem geingur vt j alftavatn.“ DI VIII, 571.

1708: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. „Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið. Engin eru þess líkindi nema örnefni tvö í túninu, sem menn hyggja að taki sitt nafn af kirkjunni og eru kölluð Kirkjuhóll og Blasiusvöllur og liggja í þeim stað, sem kirkjan skyldi staðið hafa.“ JÁM II, 354.

1847: 48 2/3 hdr. Skálholtsstólseign. JJ, 71.

„Landamerki Ásgarðs er samkvæmt landamerkjabréfi: Milli Ásgarðs og Syðri-Brúar ræður lækurinn, sem liggur fyrir sunnan Hólmavaðið, og ræður hann í Giljatungusporð, úr Giljatungusporði sjónhending yfir há-Borgarbrún í stóru lágina, sem liggur inn í fjallið milli Skefilfjallanna. Þaðan sjónhending í fjallsgnípuna á há-fjallinu. Þaðan sjónhending um Sauðadalinn í Hnífhól, beina sjónhending í Gildruhólinn. Úr Gildruhólnum sjónhending í klett þann, er Hestur er nefndur og liggur austan undir Tjarnarhólum. Úr Hesti sjónhending í steininn á Nónhólataglinu. Þaðan beina stefnu í há-Grensásinn og þaðan í Þrengsaásþúfunu. Milli Miðengis og Ásgarðs eru merkin þessi: Beina stefnu úr Þrengslaásþúfunni í Álfhól um Smalaskála í hólmann í Álftavatni. Svo ræður Álftavatn og Sog að fyrrnefndum merkjum milli Ásgarðs og Syðri-Brúar.“ Ö-Ásgarður, 1.

Nú er enginn búskapur í Ásgarði og verður líklega ekki framar; Oddfellowar á Selfossi hafa keypt jörðina og skipuleggja nú sumarhúsabyggð á meirihluta hennar. Ritað af skráningaraðila árið 1999.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 11,1 ha, þar af slétt um ¼. Garðar 2467 m².

„Afrjett ut supra. Skógur til kolgjörðar og eldiviðar hefur nægur verið, þver mjög til kolgjörðar, en bjarglegur til eldiviðar. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera, en brúkast ei. Berjalestur nægur til heimabús. Engjatak eigna menn jörðinni á Torfastaða leirum, fyrir utan Álftavatn. Hefur ekki af Ásgarðsmönnum brúkað verið í næstliðin 30 ár [...]. Túnið spillist af skriðum úr brattlendi með leir og grjóti til stórskaða. Engi það eitt, sem hent er í hagamýrum. Vatnsból langt og erfitt að sækja.“ JÁM II, 355.

„Eins og nafnið bendir til er bærinn umlukinn allháum ásum á þrjá vegu en útsýn er til vest-suðvesturs og hallar landinu niður að Sogi. Syðsti hluti landsins er kjarri vaxið hraun frá Álftavatni að Ásgarðslæk. Þá taka við klapparásar en mýrar eru nær Sogi, að mestur framræstar. Melar og móbergsásar með lyngbrekkum eru austar og ofar. Landið er nokkuð skorið af giljum hið næsta Búrfelli. [...] Sumarbústaðir og veiðihús eru í landi jarðarinnar, eign eiganda sem árið 1978 var dánarbú Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur.“ SB III, 140.

ÁR-433:001_01 Ásgarður bæjarhóll bústaður

A 403972 N 397023

Á túnakorti frá 1920 er bærinn merktur við mitt túnið. Hann er um 315 m norðvestan Búrfellsvegar og er klettabelti fast norðan bæjarins en Fjós-klettur er þar mestur. Núverandi íbúðarhús er á bæjarhólnum en það var byggt þar sem Vesturbærinn stóð áður. Bæjarhóllinn hefur síðan náð talsvert lengra til austurs, líklega um 20 m, og stóðu Miðbærinn og Austurbærinn þar. Bæjarhóllinn er í sléttuðu grasi grónu túni. Hann snýr í SSV-NNA og er um 75x50 m á stærð. Hann er rétt greinilegur á VNV hliðinni en þar er hann aðeins um 0,5 m á hæð. Bæjarhóllinn er ógreinilegur á öllum hliðum enda hefur mikið rask orðið á og umhverfis hann. Töluvert af trjám og gróðri hefur verið plantað við íbúðarhúsið, sérlega mikið á norðurhlið hólins. Þar að auki hefur vegur verið ruddur yfir austurhlið bæjarhólins, líklega þar sem Austurbærinn stóð.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920



Bæjarhóll ÁR-433:001_01, horft til NNA.

ÁR-433:001_02 Ásgarður/Vesturbær bæjarstæði bústaður

A 403998 N 397023

Löngum var þrífyllt í Ásgarði. Nýji bærinn er nýrst í túninu. Ekki sést til gamla Vesturbæjarins þar sem núverandi íbúðarhús er byggt ofan á honum með tilheyrandi jarðraski. Miðbær og Austurbær voru svo í beinu framhaldi austanvið bæinn. Nú er trjárækt allt umhverfis íbúðarhúsið og vegur hefur verið ruddur yfir hluta bæjarhólins, líklega þar sem Austurbærinn stóð. Ekki er áberandi hóll á bæjarstæðinu en það má þó sjá smá upphækkun þar sem grafið hefur verið fyrir kjallara nýja hússins. Af lýsingum að dæma hefur bæjarstæðið verið alllangt en ekki mjög breitt. Austurbærinn var rifinn síðastur, á árunum milli 1960 og 70.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920



Íbúðarhúsið þar sem bær ÁR-433:001_02 stóð, horft til VSV.

ÁR-433:031 frásögn brunnur

A 403962 N 396916



Brunnur ÁR-433:031, horft til SSA.

Svolítið þýft holt er í túninu um 100 m SSV af núverandi íbúðarhúsi í Ásgarði og um 35 m vestan heimreiðarinnar. Holtið er gróið kjarnmiklu grængresi, súrum og sóleyjum. Sunnarlega í holtinu er slakki, iðagrænn og grænni en umhverfið. Þar var brunnur. Ekki sést til brunnsins á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-433:043 heimild kálgarður

A 403978 N 396999

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður merktur á bæjarhólnum fast SSV bæjar 001_02. Kálgarðurinn er horfinn og greinilegt er að svæðið hefur verið sléttað.

Nú eru þar runnar og lauftré sem afmarka smá svæði með bekk, arni og ljósastaur.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:044 heimild kálgarður

A 404022 N 397023

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður merktur við norðausturhorn bæjar 001_02. Nú er þar sléttaður bakgarður við íbúðarhús sem afmarkaður er af lauf- og barrtrjám. Fast til suðvesturs er svo malarbílaplan. Ekki sést til kálgarðsins á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:045 heimild traðir

A 403992 N 396889

Á túnakorti frá 1920 eru merktar traðir sem liggja að bæ 001_02, annarsvegar úr SSV og hinsvegar úr norðaustri. Núverandi malarvegur að bænum er á sama stað og syðri hluti heimreiðarinnar lá áður. Á loftmynd frá 2003 má sjá hvernig vegurinn lá frá bænum til norðurs en sá hluti er nú kominn undir gróður. Slétt tún eru sitthvoru megin vegarins og eru öll ummerki um gömlu heimreiðina horfin af yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar innan um 3,5 ha úttektasvæðis sem nær yfir hluta gamla heimatúns Ásgarðs sem nefnist nú Ásgarður 2. Fyrirhugaðar breytingar eru á deiliskipulagi á lóðinni. Minjadreifing er almennt þéttust innan heimatúns og voru flestar fornleifanna norðarlega á svæðinu á gamla bæjarhólnum. Við vettvangsvinnu voru skráðar sex fornleifar en tvær þeirra, bæjarhóllinn ÁR-433:001_01 og brunnurinn ÁR-433:031, höfðu verið skráðar árið 1999 af Fornleifastofnun Íslands við aðalskráningu í Grímsneshreppi.² Fjórar fornleifar bættust því við og tengjast þær allar búskap á jörðinni, en um er að ræða bæjarstæði, tvo kálgarða og traðir. Minjarnar voru í misgóðu standi en engin þeirra, utan bæjarhólsins, sjást á yfirborði. Ástæðan fyrir því er misjöfn, en minjarnar hafa líklega horfið vegna sléttunar túna eða byggingarframkvæmda. Þó gætu leifar þeirra enn leynst undir sverði. Þrátt fyrir að bæjarhóllinn sjáist ennþá hefur hann einnig orðið fyrir töluverðu raski, m.a. vegna trjáræktar, vegagerðar og annarra framkvæmda og er því illgreinilegur.

minja_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3452_1	ÁR-433:001_01	Ásgarður	bæjarhóll	bústaður	Hleðslur signar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta
3452_2	ÁR-433:001_02	Ásgarður/ Vesturbærinn	bæjarstæði	býli	Ekki sést til fornleifar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta
3452_3	ÁR-433:031		frásögn	brunnur	Ekki sést til fornleifar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta
3452_4	ÁR-433:043		heimild	kálgarður	Ekki sést til fornleifar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta
3452_5	ÁR-433:044		heimild	kálgarður	Ekki sést til fornleifar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta
3452_6	ÁR-433:045		heimild	traðir	Ekki sést til fornleifar	Hætta, vegna ábúðar	Mikil hætta

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan skráningarsvæðisins.

² Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir, 1999.

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti stöðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Minjarnar voru allar metnar í stórhættu vegna framkvæmdanna en þær eru allar innan skipulagssvæðisins og geta því orðið fyrir beinum áhrifum. Helgunarsvæði fornleifa er 15 m og hafa þarf það í huga við fyrirhugaðar framkvæmdir. Almennnt var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II bindi. 1918-1921. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir. 1999. *Fornleifaskráning í Grímshreppi 1: Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri Brú, Ásgarði og Miðengi*. FS103-99061. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB III: Sunnlenskar byggðir. 1983. III. bindi. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1920: Túnakort Ásgarðs. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Ásgarður: Örnefnaskrá Ásgarðs. 1971. Gísli Guðmundsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

minja_id	Samtala	X	Y
3452_1	ÁR-433:001_01	403972	397023
3452_2	ÁR-433:031	403962	396916
3452_3	ÁR-433:043	403978	396999
3452_4	ÁR-433:044	404022	397023
3452_6	ÁR-433:045	403992	396889

Viðauki II: Minjakort

Kortin á næstu síðu eru unnin ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á korti tvö er túnakort ofan á loftmyndinni og er það fengið frá Þjóðskjalasafni Íslands.



